Nr. 1335 15. nóvember 2021

# REGLUGERÐ

**um (6.) breytingu á reglugerð nr. 506/2007,
um takmörkun efna í vélknúnum ökutækjum.**

1. gr.

Í stað liðar 14 í viðauka reglugerðarinnar kemur nýr liður, svohljóðandi:

| | | |
|---|---|---|
| 14. Sexgilt króm sem tæringarvarnarefni í kolstálskælikerfi ísogskæla, upp að 0,75%, miðað við þyngd, í kælilausninni:<br>i. sem eru hannaðir til að starfa að fullu eða að hluta til með raknúnum hitara, sem nýtir rafaflsinntak sem nemur að meðaltali < 75W við stöðug notkunarskilyrði,<br>ii. sem eru hannaðir til að starfa að fullu eða að hluta til með raknúnum hitara, sem nýtir rafaflsinntak sem nemur að meðaltali ≥ 75W við stöðug notkunarskilyrði,<br>iii. sem eru hannaðir til að starfa að fullu með hitara sem er ekki rafknúinn. | Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2020, og varahlutir í þessi ökutæki<br>Ökutæki, gerðarviðurkennd fyrir 1. janúar 2026, og varahlutir í þessi ökutæki | X |

2. gr.

Reglugerð þessi er sett til innleiðingar á framseldri tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/362 frá 17. desember 2019 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB um úr sér gengin ökutæki að því er varðar undanþágu fyrir sexgilt króm sem tæringarvarnarefni í kolstálskælikerfi ísogskæla í húsbílum, sem vísað er til í tölul. 32e í XX. kafla viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 186/2021, þann 11. júní 2021.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í c-lið 1. tölul. og 11. tölul. 11. gr. efnalaga nr. 61/2013 og öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 15. nóvember 2021.*

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*